

Sp. 89. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um aukið samstarf Íslendinga á alþjóðavettvangi við þjóðir, sem berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Helgi Bergs, Stefán Valgeirsson,
Sigurvin Einarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Halldór E. Sigurðsson,
Magnús H. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að auka samvinnu og samstarf Íslendinga á alþjóðavettvangi við þær þjóðir, er berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi, og hraða með því þróun þjóðaréttar í þá stefnu, að viðurkenndur verði réttur strandríkja, sem mikið eiga undir fiskveiðum í þjóðarbúskap sínum, til lögsögu á öllu hafsvæði landgrunnsins.

Greinargerð.

Mikið hefur verið rætt og ritað að undanförunu um hættuna á eyðingu mikilvægra fiskstofna í höfunum af völdum ofveiði, mengunar og af fleiri ástæðum. Er nú svo komið, að þeir, sem best þekkja til, vita og viðurkenna, að hætta þessi er nú raunveruleg og mun valda stórtjóni öllu mannkyni, verði ekkert að gert. Hafið með auðæfum sínum er matarbúr milljóna manna hvarvetna um heim. Allar þjóðir eiga mikið undir því, að auðæfi þess verði ekki eyðilögð vegna græðgi og stundarhagsmuna, en engar þó meira en við Íslendingar, sem byggjum flest hjá okkur á sjávarafli.

Alþjóðleg samvinna um ráðstafanir til þess að bægja þessari hættu frá hefur gengið treglega, og þær alþjóðlegar stofnanir, sem vinna að framgangi reglna um skynsamlega nýtingu fiskstofna sjávarins, virðast í starfi sínu máttlitlar vegna hagsmunaárekstra þjóðanna og einstakra hagsmunahópa, sem hindra skynsamlegar reglur og réttlátar í garð strandríkja í þessum efnum.

Fari svo fram miklu lengur, verða þjóðir, sem byggja lífsafkomu sína á sjávarafli, eins og Íslendingar, að grípa til þess eina ráðs, sem þær hafa til þess að koma í veg fyrir eyðingu miðanna, og það er að færa út fiskveiðilögsögu sína innan skynsamlegra og réttláttra marka.

Lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 5. apríl 1948 marka stefnu þá, er Íslendingar vilja fylgja um viðáttu fiskveiðilögsögunnar. Með þeim telja þeir raunhæft og sanngarnt að miða fiskveiðitakmörkin við yztu mörk landgrunnsins.

Á grundvelli þessara laga og á rúmum áratug frá setningu þeirra hafa Íslendingar fært fiskveiðilandhelgina út í 12 sjómílur frá grunnlínum talið, sem dregnar eru þvert fyrir flóa og firði og yztu nes og sker. Er það mikill árangur, ef haft er í huga, að við setningu landgrunnslaganna 1948 var í gildi samningur Breta og Dana um 3 mílna fiskveiðilandhelgi hér við land, sem talin var frá lágfjöru á ströndum, en í flóum og fjörðum frá 10 mílna breidd næst mynni. En síðan 1958 hefur ekkert gerzt um frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar, ef frá er talin sú stækkun, er fékkst viðurkennd í samningnum við Breta frá 11. marz 1961, sem m. a. gerði ráð fyrir nýjum grunnlínum á nokkrum stöðum við landið, en við það færðist landhelgislínan að sjálfsgöðu tilsvarendi út.

En í samningi þessum er líka að finna ákvæði um, að Íslendingar verði að tilkynna Bretum með tilskildum fyrirvara, ef þeir hyggja á frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar, og ef þeir ekki vilja fallast á hana, þá geta þeir skotið deilunni undir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag, og verða Íslendingar að hlíta þeim úrskurði.

Með þessu samningsákvæði skapaðist óneitanlega nýtt viðhorf í landhelgisbaráttu landsmanna. Landgrunnslögin frá 1948 gerðu ráð fyrir einhliða rétti Íslendinga til útfærslu fiskveiðilandhelginnar, og útfærslurnar, sem gerðar voru á áratugnum 1950—1960, voru framkvæmdar á þeim grundvelli. Reglur þjóðaréttar um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, — sem Haag-dómstólinn mundi vafalítið byggja á, — eru bæði óljósar og ósanngjarnar gagnvart þjóðum eins og okkur að því leyti, að þær taka ekki nægilegt tillit til þeirra lífshagsmuna, sem fiskveiðiþjóð hefur af því, að miðin umhverfis landið verði ekki eyðilögð með ofveiði og rányrkju.

Hvað sem líður ákvæðum þjóðaréttar um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, er það staðreynd, að nú munu a. m. k. 22 ríki, aðallega í Suður-Ameríku og Afríku, hafa frá 18—200 mílna fiskveiðilandhelgi ellegar miða hana við dýptarlínu, sem ákveðin er þannig, að þær áskilja sér lögsögu á öllu hafsvæði landgrunnins. Þessar þjóðir eiga þó allar minna undir fiskveiðum um afkomu sína en við.

Það er augljóst mál, að vegna landhelgissamningsins við Breta frá 1961 ber brýna nauðsyn til þess fyrir Íslendinga að gera allt til þess að hraða þróun þjóðaréttar í þá stefnu, að hann viðurkenni sem stærsta fiskveiðilandhelgi fyrir strandríki og þá þau fyrst og fremst, er byggja á sjávarafli sem verulegri forsendu lífsafkomu sinnar. Íslendingar eiga að leita bandamanna í þessari baráttu meðal þeirra þjóða, sem svipuð sjónarmið og þarfir hafa. Á það hefur mjög skort að undanförmu að álitu tillögumanna, og er tillögunni ætlað að bæta úr því.

Þannig var í maí s. l. haldin ráðstefna í Montevideo, sem samþykkti yfirlýsingu um, að strandríki ættu rétt til 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Enginn íslenskur fulltrúi var á þeirri ráðstefnu, svo að vitað sé, né heldur var samþykkt þessi notuð til þess að ítreka og undirstrika á alþjóðavettvangi stefnu Íslendinga í landhelgis-málinu, eins og hún er mörkuð í samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959.

Að álitu flutningsmanna þessarar tillögu er mikilvægt að ná samstöðu með öllum þeim þjóðum, sem vilja vinna að rúmri fiskveiðilandhelgi. Vegna sérstöðu Íslands nægir ekkert minna en vakandi forusta í þeim efnum, líkt og gerðist þegar fulltrúi Íslands í laganefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna fékk samþykkt 1949, gegn mikilli andstöðu, að alþjóðalaganefndin ynni að setningu reglna varðandi landhelgina.

Stærri og fleiri skip á Íslandsmiðum með afkastameiri veiðitæki og fiskleitartæki gera ónóga þá vernd, sem fiskstofnarnir umhverfis landið fá við einkalögsögu okkar á 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Hún var í minnsta lagi 1958, þegar fært var út í 12 sjómílur, en er allsendis ónóg nú 12 árum síðar.

Það er ekki einasta í okkar þágu, heldur og í þágu annarra fiskveiðiþjóða, sem sækja og koma til með að sækja Íslandsmið, að Íslendingar fái lögsögu yfir stærra hafsvæði kringum landið, því að helzt má með setningu skynsamlegra reglna um veiðar í fiskveiðilandhelginni koma í veg fyrir eyðingu fiskstofnanna þar, líkt og gerðist við Færeyjar á sínum tíma.

Á norrænni fiskveiðiráðstefnu í Visby á Gotlandi, sem haldin var í ágúst s. l., lét Klaus Sunnanå, fiskimálastjóri Noregs, þá skoðun í ljós í stórmerku erindi, að hann teldi tímabært fyrir Norðmenn að hyggja að frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar úr 12 sjómílum, þar sem ekki hefði tekizt á alþjóðaráðstefnum að fá samþykktar reglur, er tryggðu viðgang fiskstofnanna og skipulegar veiðar. Hann minnti á í ræðu þessari að 1964 hefði hann á norrænni fiskveiðiráðstefnu í Reykjavík haldið því fram, að ef ekki tækist á næstu árum að koma á alþjóðlegu samkomulagi um veiðar á helztu nytjafiskum, er kæmu í veg fyrir ofveiði, þá yrði að reikna með því, að strandríki, sem háð væru fiskveiðum um afkomu sína, yrðu að grípa til þess eina ráðs, er þau ættu, þ. e. að færa út lögsögu sína á hafinu yfir öllu landgrunninu. Hann kvað hugmyndinni um rétt þjóða til einhliða útfærslu fiskveiðilandhelginnar hafa aukizt mjög fylgi frá 1964 og því bæri Noregi að fluga alvarlega frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar (heimild: Fiskaren 27. ágúst 1970).

Þessi yfirlýsing norska fiskimálastjórans vakti mikla athygli á ráðstefnunni og í Norðurlandablöðunum og vekur til umhugsunar um aðgerðir af okkar hálfu, sem að áliti flutningsmanna mættu skaðlaust vera meiri.

Nánar í framsögu.